



Deiliskipulag Kvosarskipulags samþykkt 01.10.1987 með breytingum á Hafnarstætisreit. mkv. 1:1000



Tillaga að breyttu skipulagi Kvosarinnar, 05.nóvember 2018, mkv. 1:1000



Skýringarmynd - Kvosarskipulag

GREINARGERÐ MEÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Gildandi er deiliskipulag Kvosar sem samþykkt var 1. október 1983, breytt deiliskipulag Hafnarstrætisreits samþykkt 12. apríl 2017 og aðliggjandi deiliskipulag Austurhafnar samþykkt 18.05.2006 (með nokkrum áorðnum breytingum). Gerð er breyting á deiliskipulagi vegna torgsvæðis við Steinbryggju, þar sem steinlögn gömlu Steinbryggjuna (upphaflega gerð 1884 og löguð 1893) er gerð að hluta göngusvæðis.

Mörk deiliskipulags Kvosarinnar eru færð 7 m í austur þannig að þau liggja 3 metra frá lóðamörkum deiliskipulags Austurhafnar. Deiliskipulag Austurhafnar minnar þannig um 451 m² og er sú breyting auglýst samhlíða. Er þetta gert í samráði við skipulagshöfunda Austurhafnar.

Svæði sem breytingin tekur yfir nær frá þessum nýju mörkum deiliskipulags Austurhafnar að húsvegg Tryggvagötu 19, Tollstöðvarinnar. Stærð breytingarsvæðis er 935 m².

Á breytingarupprætti eru sýnd afmörkun gömlu Steinbryggjunnar eins og hún var mæld við uppgröft í september 2018. Torgsvæði umhverfis Steinbryggjuna verður hluti af torg/göngusvæði nærliggjandi svæða Austurhafnarskipulags. Frá Geirsgötu er reiknað með akstri inn í bilageymslur undir byggingum Austurhafnarsvæðisins. Einnig verður leyfður takmarkaður innakstur vegna aðkomu þjónustubíla og skal gera ráð fyrir því við hönnun torgsvæðisins.

Torgið umhverfis Steinbryggjuna skal vera miðborgartorg með götutrjám, götugögnum og vandaðri lýsingu. Gamla Steinbryggjan skal vera mikilvægur hluti af torginu.

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulags Kvosarinnar, samþykkt í borgarráði 1. október 1983.

SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Mörk deiliskipulags að skipulagi Austurhafnar
- Mörk deiliskipulags Hafnarstrætisreits
- "Steinbryggja" - fornminjar gerðar að hluta af torgi
- Torgsvæði / göngugötur
- Takmarkaður akstur
- Mörk lóða



Hluti úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 - staðsetning breytingar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ 20__ og í _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

KVOSARSKIPULAG

Deiliskipulagsbreyting götu milli Tryggvagötu og Geirsgötu
Breytt að hluta í göngugötu/torg vegna minja; "Steinbryggju".



LANDMÓTUN • HAMRABORG 12 • 200 KÓPAVOGUR • Sími 575 5300 • Faxi 554 5360 • Netfang: landmota@landmota.is

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR
KVAÐI: 1:1000 A2
VERKNR.
0000-DG1803

SKIPULAG: ÁT
TEKNAÐ: ÁT
SAMBYKKT
KT.
KÓPAVOGUR
TEKNI. NR.
001

dagr. 05. nóv 2018.
BR.